

6. Fundur í hverfisnefnd Síðuhverfis 8/3 2005.

Mættir voru Elín, Inga, Drífa, Hannes og Dilla.

Gestur fundarins var Guðmundur Sigvaldason og fræddi hann okkur um Staðardagskrá 21 og umhverfismál. Farið var yfir alla meginþætti staðardagskrárinnar. Var komið víða við og m.a. rædd stefna skólans í umhverfismálum.

Ræddir voru möguleikar á að stofna umhverfishópa sem væri tilvalið að gera í hverfinu. Kom fram í máli hans mikill fróðleikur og þekking og var hann allur af vilja gerður til þess að fræða fólk um umhverfismál og leiðbeina um hin ýmsu atriði sem fólk getur gert til þess að leggja sitt af mörkum til þessara mála. Leitaði hann eftir álitni nefndarinnar um áframhaldandi vinnu við Staðardagskrána.

Fleira var ekki fært til bókar.

7. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis 30/3 2005.

Mættir voru Elín, Inga, Sigþór, Hannes, Helga, Drífa, Kristín og Dilla

Rætt var um hverfisskiltin og tillögurnar sem fram eru komnar. Rætt var um stærð skiltanna og vildu fundarmenn að þau yrðu u.þ.b. 50x80 cm. Elínu og Dillu var falið að klára þetta mál svo skiltin geti komist upp sem fyrst.

Ákveðið var að halda hverfisfund og var 3. maí áætlaður undir þann fund. Ætlunin er að fara yfir störf nefndarinnar og sýna upptökur frá þorrablótinu okkar. Rætt var um að leita eftir því við Guðmund Sigvaldason að koma á fundinn og fjalla um umhverfismál. Áhugi var fyrir því að fræðast meira um vishópa. Einnig þyrfti að gefa fleirum kost á að koma í nefndina þ.e.a.s. ef einhverjir vilja hætta.

Og síðast en ekki síst var ákveðið að ganga frá bréfi til skipulagsdeildar þar sem ákvörðun hefur verið tekin um hverfisskiltin.

Fleira var ekki fært til bókar.